



*Samtök verslunar og þjónustu*  
*Federation of Trade & Services*

## Fréttatilkynning

19. mars 2008

# Lyfjaverð í apótekum lægra á Íslandi en í Danmörku og Svíþjóð

- þegar litið er til 20 kostnaðarsömustu lyfseðilsskyldra lyfja

**Lyfjaverð á Íslandi, heildsöluverð jafnt sem smásöluverð, er ákveðið af ríkinu. Þegar borin eru saman verð milli landa er mikilvægt að nota svokallað viðmiðunarverð, sem er lægsta verð lyfja með sama innihaldsefni. Þá má ekki eingöngu telja fjölda tilfella hæsta og lægsta verðs því þá fæst ekki mynd af því hver raunverulegur verðmunur á milli landa.**

Lyfjagreiðslunefnd sendir af og til frá sér tilkynningu til fjölmiðla þar sem hún ber saman heild- og smásöluverð á lyfseðilskyldum lyfjum á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum. Þetta er út af fyrir sig kostleg æfing þar sem umrædd nefnd ákveður bæði heild- og smásöluverð þessarar vöru á Íslandi. Grundvöllur ákvörðunar nefndarinnar á lyfjaverði hér á landi er lyfjaverð á hinum Norðurlöndunum að teknu tilliti til íslenskra aðstæðna. Eðlilegt virðist að einhver annar aðili en nefndin sjálf leggi dóm á það hvort nefndin sinnir sínu hlutverki eða ekki, en gerist ekki með þessum hætti dómari um eigið ágæti. Fleira er þó gagnrýnivert varðandi umræddan verðsamanburð frá nefndinni, nefnilega það að hvergi kemur fram þar sem þessi samanburður er birtur að það sé lyfjagreiðslunefnd sem ákveði heildsölu- og smásöluverð lyfseðilsskyldra lyfja.

Við samanburð á verði 20 kostnaðarsömustu lyfjanna 17. mars sl. í apótekum í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi í meðfylgjandi töflu má sjá að þau eru að meðaltali 7,5% dýrari í Danmörku en hér á landi, 6,9% ódýrari í Noregi en hér og 2,7% dýrari í Svíþjóð en hér. Til viðbótar veita íslensk apótek mismunandi afslátt frá opinberu verði vegna samkeppni þeirra á milli en í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er bannað að veita afslátt af lyfseðilsskyldum lyfjum. Þess ber þó að geta að einstök lyf eru mun dýrari hér og önnur mun ódýrari, auk þess sem gengi gjaldmiðla á hverjum tíma hefur áhrif. Sem dæmi má nefna að daginn sem verðsamanburðurinn var gerður kostuðu 30 töflur af Casodex, hormónalyfi sem er algengt í krabbameinsmeðferð, sem svarar 56.309 kr. í Danmörku en 48.514 kr. á Íslandi. Þar er verðmunurinn 7.795 kr. íslenskum apótekum í vil. Aftur á móti kostuðu 98 töflur af Simvastatin, lyfi sem er blóðfitulækkandi, sem svarar 2.101 kr. í Danmörku en 4.239 kr. á Íslandi. Þær eru með öðrum orðum 2.138 kr. dýrari hér en í Danmörku.

Verðsamanburðurinn er gerður út frá upplýsingum á vefsíðu Lægemiddelstyrelsen í Danmörku; [www.medicinpriser.dk](http://www.medicinpriser.dk), Legemiddelverket í Noregi; [www.legemiddelverket.no](http://www.legemiddelverket.no), Läkemedelsformånsnämnden í Svíþjóð og vefsíðu lyfjagreiðslunefndar á Íslandi; [www.lgn.is](http://www.lgn.is). Lyfsalahópurinn mun halda samanburðinum áfram og birta verðkannanir á tveggja mánaða fresti á vef

**SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu – Borgartúni 35, IS 105 Reykjavík**  
**Sími: 511 3000 – farsími 822 1201 – netfang: [svth@svth.is](mailto:svth@svth.is) – [www.svth.is](http://www.svth.is)**

SVÞ, [www.svth.is](http://www.svth.is), í von um að þær megi verða málefnalegt innlegg í umræðuna um lyfjaverð hér á landi í samanburði við verð í helstu samanburðarlöndum.

**Tafla:** 20 kostnaðarsömustu lyfin í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi 17. mars 2008.

**Nánari upplýsingar veita:**

Þórbergur Egilsson, formaður lyfsalahóps SVÞ, í farsíma 693 2225.

Þorvaldur Árnason, fulltrúi lyfjasmásala í lyfjagreiðslunefnd, í síma 577 1157 eða farsíma 894 5252.

**SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu** - eru málsvari verslunar- og þjónustugreina á Íslandi. Meira en 400 fyrirtæki í öllum landshlutum eru aðilar að samtökunum. Þar á meðal eru ýmis af stærstu fyrirtækjum landsins, en þorri aðildarfyrirtækja eru smáfyrirtæki. Verslun og þjónusta eru nánasti hlekkur þjónustukeðjunnar við hina 300 þúsund neytendur í landinu auk álíka margra ferðamanna sem sækja landið heim árlega. Það vinna yfir 21 þúsund manns í versluninni og 90 þúsund í þjónustu, þar af helmingur í opinberri þjónustu. Framlag verslunar til landsframléiðslu eru 12% en þjónustu 55%, þar af er hlutur opinberrar þjónustu 36%.